



Ráðhús Reykjavíkur - mannréttindaskrifstofa

Tjarnargötu 11  
101

***Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að tryggja samráð við börn og ungmenni um öll málefni sem varða þau***

Á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs þann 9. maí 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sem var vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisráðs á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019, sbr. 2. lið fundargerðarinnar.

Lagt er til að Borgarstjórn Reykjavíkur samþykki að fela mannréttindaskrifstofu að gera áætlun um að tryggja samráð Reykjavíkurborgar við börn og ungmenni um öll mál sem þau varða fyrir skólabyrjun haustið 2019.

Tillögunni fylgdi greinagerð.

Á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs var lögð fram og samþykkt svohljóðandi breytingartillaga:

Lagt er til að fela mannréttindaskrifstofu að vinna tillögu að umgjörð að auknu samráði Reykjavíkurborgar við börn og ungmenni um öll mál sem þau varða og skili til ráðsins eins fljótt og kostur er en eigi síðar en um áramót 2019-2020.

Fulltrúi Sósíalistasflokks lagði fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga fellur mjög vel að stefnu Sósíalistasflokksins og tekur fulltrúi sósíalista heilshugar undir málflutning fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Fulltrúi Sósíalistasflokksins tekur heilshugar undir tillöguna og leggur áherslu á að hún komi til framkvæmdar sem fyrst.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks lagði fram svohljóðandi bókun:

Sjálfstæðisflokkurinn styður eindregið að Reykjavíkurborg tryggi að börn og ungmenni eigi möguleika á samráði um öll mál sem þau varða, sbr. 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálans, sem lögfestur var á Alþingi þann 20. febrúar 2013. Mælt er til þess að við áætlanagerðina hafi Mannréttindaskrifstofa að leiðarljósi að bjóða upp á stuttar boðleiðir sem henti vel börnum og ungmendum og nýti möguleika tækninnar, bæði til þess að auka notendavæni og til þess að finna hagkvæmustu lausnirnar.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins í mannréttinda og lýðræðisráði fagnar þessu frumkvæði frá Ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um samráð. Flokkur fólksins styður heilshugar allt það samráð sem farið er fram á og reynt að koma því í framkvæmd sem fyrst. Flokkur fólksins saknar umfjöllunnar Ungmennaráðsins um þann hóp barna sem kemur frá efnalitlum heimilum. Eru þessi börn virk í ungmennaráðinu eða draga þau sig í hlé sökum aðstæðna?

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn fagnar tillögu ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða enda fellur hún vel að markmiðum borgarinnar um valdeflingu ungmenna og aukna lýðræðislega virkni og aðkomu barna og ungmenna. Tillagan fellur vel að ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem er í markvissri innleiðingu hjá Reykjavíkurborg. Mikilvægt er að vanda vel til verka við að kortleggja í samráði við fagsvið borgarinnar hvernig megi tryggja samráð við börn og ungmenni um öll mál sem þau varða. Lögð er áhersla á að mannréttindaskrifstofa móti umgjörð um slíkt samráð svo fljótt sem kostur er, en eigi síðar en fyrir árslok 2019.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Elísabet Pétursdóttir

Afrit:  
Forsætisnefnd  
Tengiliður Reykjavíkurráðs ungmenna